Hver er munurinn á giftcard item og coupon item í SalesCloud

Síðast uppfært 04/11/2026 3:54 pm GMT

Gjafabréf eða Giftcard item er er notað þegar þú selur gjafakort með ákveðinni fjárhæð, til dæmis **10.000 kr. gjafakort**.
Hægt er að selja gjafakort bæði í vefverslun og í POS-kassa.

Ef þú ert **ekki með vefverslun** nægir að stofna **eina gjafakortsvöru**, þar sem þú getur alltaf breytt upphæðinni þegar gjafakortið er selt í POS appinu á staðnum.

Ef þú ert **með vefverslun** mælum við með að stofna:

- eina gjafakortsvöru sem er **eingöngu notuð í POS**, t.d. með heitinu **„Gjafakort“** eða **„Gjafabréf“**
- fleiri gjafakortsvörur með föstum upphæðum, t.d. **„5.000 kr. gjafakort“**, **„10.000 kr. gjafakort“** o.s.frv. sem væri þá seld í gegnum netsölu.

Nánari upplýsingar má finna í leiðbeiningunum : Hvernig á að stofna gjafabréf (giftcard item).

Þegar viðskiptavinur kemur með gjafabréf fyrir upphæð þá þarf að nota greiðslumátann "gjafabréf" sem er hægt að finna undir Pay hnappnum í SalesCloud POS appinu.

Gjafabréf eða Coupon Item er notað þegar þú selur gjafabréf sem gildir fyrir ákveðna vöru eða þjónustu, til dæmis **þriggja rétta kvöldverð fyrir tvo**.
Þessar vörur er aðeins hægt að selja í vefverslun.

Algengt er að selja gjafabréf fyrir upplifanir eða þjónustu. Til dæmis gæti veitingastaður viljað selja gjafabréf fyrir **þriggja rétta kvöldverð fyrir tvo**.

Í því tilfelli stofnarðu **Coupon Item** sem innleysir vöruna **„Þriggja rétta kvöldverður“** tvisvar sinnum.

Coupon Item er einnig notað til að búa til **klippikort**, til dæmis **10 kaffibolla klippikort**.
Nánari upplýsingar má finna í leiðbeiningunum : Hvernig á að stofna klippikort.

Þegar viðskiptavinur kemur með gjafabréf fyrir vöru þá þarf að smella á þrjá punktana við hliðina á Pay hnappnum í SalesCloud POS appinu og velja "Redeem Coupon".

Í stuttu máli :

	Gift Card Item	Coupon Item

Gift Card Item

Notað fyrir gjafakort með ákveðinni upphæð.

Hægt að selja bæði í vefverslun og í POS.

Coupon Item

Notað fyrir gjafabréf á ákveðna þjónustu eða vöru og fyrir klippikort.

Aðeins hægt að selja í vefverslun.